

Breytingu á gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar með tilheyrandi tillögu að deiliskipulagi Engjaholt/ Fell L 177478 og þá sérstaklega varðandi vatnamál.

Til : Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>
Frá : Thóra Hafsteinsdóttir <t.b.hafsteinsdottir@gmail.com>
CC : Oddviti Bláskógabyggðar <oddviti@blaskogabyggd.is>; Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>; Guðrún Lára Sveinsdóttir - SLS <Gudrun.Sveinsdottir@skipulag.is>
Heiti : Breytingu á gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar með tilheyrandi tillögu að deiliskipulagi Engjaholt/ Fell L 177478 og þá sérstaklega varðandi vatnamál.
Málsnúmer : 2502008
Málsaðili : Bláskógabyggð
Skráð dags : 23.09.2025 13:15:05
Höfundur : Thóra Hafsteinsdóttir <t.b.hafsteinsdottir@gmail.com>
Viðhengi : Bréf Sveitastjórn Bláskógabyggðar cc Skipulagsstofnun (23.09.2025)def.pdf

Þú færð ekki oft tölvupóst frá t.b.hafsteinsdottir@gmail.com. [Kynntu þér hvers vegna þetta er mikilvægt](#)

Ágæta Sveitastjórn Bláskógabyggðar, - sæl Ásta,

Eins og mörgum er kunnugt um er liggur nú fyrir Sveitastjórn Bláskógabyggðar **Tillaga um breytingu á gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar með tilheyrandi tillögu að deiliskipulagi Engjaholt/ Fell L 177478 sem auglýst var frá 15.05.2025-14.07.2025.**

Hagsmunaaðilar og íbúar á viðkomandi svæði hafa miklar áhyggjur af þessum byggingaráætlunum. Bæði við íbúar, hagsmunaaðilar, sem og opinberir aðilar hafa sent inn athugasemdir á Skipulagsgátt (<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1492>). Á [island.is](#). Sjálf erum við leikmenn á sviði skipulagsmála en við þekkjum svæðið mjög vel. Okkur sem og öðrum íbúum á svæðinu er mjög annt um þetta land og gerum allt sem í okkar valdi stendur til að vernda það, umhverfið og náttúruna. Íbúar í nágrenninu, sem margir hverjir hafa um áratuga skeið farið um landið, og fylgst með því hvernig náttúran hefur fengið að vera þarna ósnortin að mestu, þrátt fyrir byggingu sumarhúsa á afmörkuðum svæðum í landinu.

Íbúar í nágrenni svæðisins hafa list áhyggjum sínum af þessum fyrirhuguðu framkvæmdum og eru mörg atriði enn óljós.

Eitt af þessum málum snýr að vatnsöflun, - öflun á köldu og heitu vatni sem og frárennsli (skolpi). Enn sem komið er hafa þessi mál ekki verið skýrð nægilegafyrir íbúum og mörgum spurningum íbúa er enn ósvarað.

Í meðfylgjandi bréfi sendum við Sveitastjórn Bláskógabyggðar athugasemd varðandi Vatnsöflun og Frárennismál á fyrirhuguðu byggingarsvæði í Engjaholti við land Fells og viljum biðja Sveitastjórn Bláskógabyggðar að fjalla um þetta sem athugasemd og óskum við eftir að þetta verði lagt fram undir málið í skipulagsgátt.

Með von um skjót og góð svör og með bestu kveðjum,

Þóra B. Hafsteinsdóttir, landeigandi og hluthafi í Selmúla ehf

t.b.hafsteinsdottir@gmail.com